

Carboplatin, etoposide og atezolizumab



Krabbameinslyfjameðferð

Meðferðin inniheldur þrjú krabbameinslyf sem heita carboplatin, etoposide og atezolizumab. Lyfin eru gefin á þriggja vikna fresti. Hver meðferð varir í þrjá daga. Lyfjameðferðin sem gefin er í æð á degi 1 tekur um þrjár klukkustundir.

Carboplatin, etoposide og atezolizumab eru gefin í æð á degi 1 og síðan eru etoposidehylki tekin inn í tvo daga (meðferðardaga 2 og 3).

- Mælt er með að gleypa hylkin heil á tóman maga með glas af vatni
- Það má alls ekki að mylja lyfið, tyggja það né leysa það upp
- Mikilvægt er að láta vita ef erfitt er að kyngja hylkjunum
- Oft er settur sérstakur æðaleggur (lyfjabrunnur eða PICC lína) sem auðveldar lyfjagjöf í æð

Meðferðaryfirlit

	1. vika							2. vika							3. vika						
Dagur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
Carboplatin	x																				
Etoposide	x																				
Atezolizumab	x																				
Etoposide hylki		x	x																		
Blóðsýnataka 																					

Blóðrannsóknir

Nauðsynlegt er að fara í blóðsýnatöku fyrir klukkan 10:00 daginn fyrir hverja lyfjameðferð svo hægt sé að meta blóðgildin áður en meðferð hefst. Ef blóðgildi eru utan viðmiðunarmarka getur þurft að fresta meðferð um nokkra daga.

Forlyf og önnur stoðlyf

Eftirtalin lyf eru hluti af lyfjameðferðinni og mikilvægt að nota þau samhliða henni til að draga úr aukaverkunum.

Lyf	Meðferðardagur	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4
Dexametason	12 mg	8 mg	8 mg	
Palonosetron	500 µg			
Aprepitant	125 mg	80 mg	80 mg	
Metoclopramid	10-20 mg eftir þörfum en að hámarki þrisvar á sólarhring			
Pegfilgrastim				Notað samkvæmt fyrirmælum læknis, ekki alltaf gefið

Dexametason (Decadron) er sterallyf sem fyrirbyggir ógleði. Lyfið getur bætt matarlyst, valdið óróleika og svefnerfiðeikum. Lyfið er bæði til í töfluforni og til inngjafar í æð.

Palonosetron (Aloxi) fyrirbyggir ógleði. Algengustu aukaverkanir þess eru höfuðverkur og hægðatregða.

Aprepitant (Emend) fyrirbyggir ógleði. Algengustu aukaverkanir þess eru hiksti, höfuðverkur, hægðatregða, lystarleysi og þreyta.

Metoclopramid (Afipran) er velgjuvarnarlyf sem tekið er eftir þörfum við ógleði. Lyfið getur valdið þreytu og niðurgangi. Lyfið er í töfluformi og má nota eins lengi og þörf er á.

Pegfilgrastim er lyf sem örvar framleiðslu hvítra blóðkorna og er sprautað undir húð. Helstu aukaverkanir eru beinverkir og flensueinkenni. Til að draga úr þeim einkennum getur verið gagnlegt að taka samhliða inn paracetamol (Panodil, Paratabs).

Mögulegar aukaverkanir

Meðferðinni geta fylgt margs konar og misalvarlegar aukaverkanir. Hér eru dæmi um þær algengustu. Nánari upplýsingar um lyfið má lesa um í fræðsluefni sem þú færð sent eða afhent. Mikilvægt er að láta vita um breytingar á líðan. Reglulega verður óskað eftir því að þú svarir ákveðnum spurningum um líðan og aukaverkanir til að hægt sé að bregðast við ef þess er þörf.

Aukaverkanir carboplatin og etoposide:

- | | |
|--|--|
| • Hætta á sýkingum og hita vegna fækkunar á hvítum blóðkornum | • Niðurgangur |
| • Hætta á marblettum eða blæðingum vegna fækkunar á blóðflögum | • Mæði eða andþyngsli |
| • Þreyta og magnleysi vegna til dæmis fækkunar á rauðum blóðkornum | • Ógleði eða uppköst |
| • Bólga í slímhúð í munni | • Lystarleysi eða breytt bragðskyn |
| | • Dofi og stingir (náladofi) í höndum og fótum |
| | • Hármisssir |

Mögulegar aukaverkanir atezolizumab

Atezolizumab er lyf sem örvar ónæmiskerfið og hefur aðrar aukaverkanir sem eru þó sjaldgæfar. Mikilvægt er að láta vita ef þessi einkenni koma fram.

- | | |
|--|--|
| • Mæði og hósti | • Niðurgangur |
| • Gulleit augnhvíta eða húð (gula) | • Bein- og vöðvaverkir |
| • Bjúgur á höndum, fótum eða andliti | • Lystarleysi |
| • Útbrot og/eða kláði í húð, flögnun húðar | • Höfuðverkur, þoku- eða tvöföld sýn |
| • Þreyta og magnleysi | • Brjóstverkur, óreglulegur hjartsláttur |
| • Minnkaður þvagútskilnaður | • Þorsti |

Í upphafi meðferðar er afhent svokallað öryggiskort þar sem fram kemur nafn lyfsins og helstu aukaverkanir þess. Mikilvægt er að hafa það alltaf við höndina og afhenda heilbrigðisstarfsfólki ef innlögn á sjúkrahús. Ef kortið tapast er hægt að prenta út nýtt á www.serlyfjaskra.is

Meðferðarteymi á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga

Læknir _____

Hjúkrunarfræðingur _____

Teymisstjóri hjúkrunar _____

Símanúmer

Dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11B

543 6130